

12. Frumvarp

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1918).

I. kafli.

Um tekjuskatt.

Skattskylda.

1. gr.

Tekjuskatt skal greiða í bæjarsjóð samkvæmt ákvæðum þeim, er hjer fara á eftir:

Af tekjum frá og með	500 kr. að	800 kr.	1 ^o / _o
— — — — —	800 — —	1100 —	1 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	1100 — —	1400 —	2 ^o / _o
— — — — —	1400 — —	1700 —	2 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	1700 — —	2100 —	3 ^o / _o
— — — — —	2100 — —	2600 —	3 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	2600 — —	3100 —	4 ^o / _o
— — — — —	3100 — —	3700 —	4 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	3700 — —	4300 —	5 ^o / _o
— — — — —	4300 — —	5000 —	5 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	5000 — —	6000 —	6 ^o / _o
— — — — —	6000 — —	10000 —	6 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	10000 — —	15000 —	7 ^o / _o
— — — — —	15000 — —	22000 —	7 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	22000 — —	30000 —	8 ^o / _o
— — — — —	30000 — —	40000 —	8 ¹ / ₂ ^o / _o
— — — — —	40000 — —	50000 —	9 ^o / _o

Af því sem yfir er 50000 kr. greiðist 10^o/_o.

2. gr.

Ef þörf gerist til þess að ná samræmi milli tekjuskattsupphæðar þeirrar, er greiða skal eitt hvert ár, og tekjuskattsupphæðar þeirrar, er bæjarstjórn hefir áætlað á fjárhagsáætlun fyrir það ár, má lækka eða hækka hundraðstölur þær, sem ákveðnar eru í 1. gr., með því að margfalda þær allar, hverja fyrir sig, með sömu hreyfitölu. Hreyfitala þessi má aldrei vera lægri en 0,60 og aldrei hærri en 1,40 nema $\frac{2}{3}$ hlutar bæjarstjórnar samþykki og stjórnarráðið staðfesti.

3. gr.

Skattinn greiða:

1. Allir þeir, sem búsettir eru í Reykjavík, og það eins þótt þeir dvelji um stundarsakir utan bæjar, hjer á landi eða í útlöndum, án þess að flytja sig búferlum úr bænum.

2. Sjerhver sá einstaklingur, fjelag eða stofnun, sem rekur arðsama atvinnu eða á hlutdeild í slíkri atvinnu eða starfrækslu í bænum 4 mánuði ársins eða lengur, þótt ekki eigi heimili í bænum.

3. Öll hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, sem heimilisfang eiga í bænum, nema tekjuafgangi sje einungis varið til velgerðar- eða mannúðarfyrirtækja. Enn fremur framleiðslufjelög, samvinnufjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög með heimilisfangi í bænum, sem hafa þann tilgang að starfa til efnahagsmuna fyrir fjelagana, og það eins þótt afrakstur sá, sem verða kann af starfsemi, sje eigi allur eða að hluta talinn fjelaginu sem slíku til tekna, samkvæmt fyrirkomulagi því, sem er á starfsemi þess og reikningsfærslu. Stofnanir þær, er hjer voru nefndar, en ekki eru heimilisfastar í bænum, greiða skatt, ef þær ástæður eru fyrir hendi, sem getið er í 2. lið. Umbodsmenn utanbæjarfjelaga bera einnig ábyrgð á skattgreiðslunni.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu eru þeir menn, fjelög eða stofnanir, sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga eru sjerstaklega undanþegnir skattskyldu til bæjarins.

5. gr.

Með þeim undantekningum og takmörkunum, sem síðar greinir, teljast allar árstekjur skattgreiðanda til skattskyldra tekna hans, hvort sem þær eru fengnar í bænum eða ekki og hvort sem um er að ræða peninga eða fjármuni, sem metnir verða til peninga, svo sem tekjur:

a. Af sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuíðnaði, iðnaði, handiðn, jarðrækt eða sjerhverri annari atvinnu eða starfsemi; enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu visinda, lista og bókmenta, eða fyrir vinnu, greiða eða aðstoð, hvernig sem henni kann að vera varið.

b. Af hverskonar leigu af fasteign eða lausafje, eða rjetti til að nota fasteign eða lausafje annara án endurgjalds. Húsnæði það, sem eigandinn býr sjálfur í, telst honum til tekna eftir þeirri leigu, sem hann hefði getað fengið fyrir það ef hann hefði leigt það öðrum.

c. Af embætti eða stöðu, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 7. gr. b. að því er snertir skrifstofukostnað embættismanna), enn fremur af eftirlaunum, biðlaunum, gjöfum, styrkveitingum, lifeyri, hverju nafni sem nefnist, próventu og öðru slíku.

d. Af vöxtum eða arði af hverskonar skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, af kröfum manna á hendur öðrum og af fje, er maður hefir lánað öðrum utanlands eða innan, hvort sem er gegn veði eða skriflegri skuldbindingu eða ekki.

e. Af happdrætti eða öðrum spilum og veðfje.

Að því er snertir utanbæjarfjelög og þá skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr. 2. lið, koma að eins þær tekjur til greina, sem nefndar eru í þeim lið.

6. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, heldur eigi tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (þar með talin verðbrjef), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignasala sem atvinnurekstur, eða sala fer fram í gróðavonarskyni (spekulationsskyni); þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna og eins getur tap á sölunni komið til frádráttar tekjum skattgreiðanda.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af giftingu, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.

d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, hvorttveggja við vinnu í þarfir hins opinbera, sem er þess eðlis, að skattgreiðandi verður að dvelja utan bæjarins.

Eignaauki sá, sem um ræðir í staflíð a. og b. og eignarýrnun sú, sem verðrýrnun fjármuna leiðir af sjer, kemur þess vegna að eins til greina að svo miklu leyti sem arður sá, er eignirnar gefa, hefir aukist eða minkað, og þá að eins upphæð sú, sem arðsaukinn eða arðsrýrnunin nemur.

7. gr.

Þegar reikna skal skattskyldar tekjur ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af þinglýstum veðskuldum.

b. Frá embættistekjum þann skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer.

c. Að því er snertir þau fjelög, sem heima eiga í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, ber að draga frá tekjunum 4% af innborguðu hlutafje eða stofnfje.

Ákveða má samkvæmt reglugerð þeirri, sem nefnd er í 42. gr., hvort og að hve miklu leyti ber að taka tillit til endurtryggingar, þegar ákveða skal skattskyldar tekjur útlendra ábyrgðarfjelaga.

Tekjur framleiðslufjelaga, samvinnufjelaga, pöntunarfjelaga og annara slikra fjelaga, shr. 3. gr. 3., 2. málsgrein, ákveður skattaráð þannig, að fjelaginu sje gert sem hreinar tekjur sá hundraðshluti af viðskiftaveltu fjelagsins það ár, sem skatturinn er miðaður við, sem telja má að samsvari hagnaði þeim, er fjelagsmenn hafa haft af starfsemi fjelagsins. Þessi hundraðshluti skal ákveðinn að fengnum upplýsingum stjórnenda fjelagsins um viðskiftaveltuna og þau önnur atriði, sem stjórnendurnir óska að gefa upplýsingar um, og má hann aldrei fara fram úr 10% af viðskiftaveltunni.

Tekjur þær, sem samkvæmt framanskráðu koma til greina við ákvörðun skatts, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, þar af leiðandi jafnt hvort sem skattgreiðandi ver þeim sjer eða heimili sínu til viðurværis, til hjúahalds, til nytsemdar eða munaðar, til að afla sjer fjár, til umbóta á eignum sínum, færa út atvinnu sína eða arðsöm fyrirtæki, til gjafa eða á annan hátt, þar á meðal til lífsábyrgðar eða annarar persónutryggingar.

8. gr.

Húsráðanda ber að greiða skatt af tekjum alls sifjaliðs síns; til sifjaliðs telst kona, sem er að samvistum með manni sínum, þótt hún eigi sjer-eign, og börn þau, sem húsráðandi elur önn fyrir — þar með talin fósturbörn og kjörbörn — nema þau hafi heimili út af fyrir sig, en hins vegar ekki aðrir ættingjar manns, sem hann hefir tekið á heimili sitt, nje heldur hjú eða annað aðstoðarfólk, sem ráðið er gegn kaupi eða öðru endurgjaldi.

Hafi konan tekjur eða eigi hún sjereign, má ef þörf gerist krefjast þess, að hún greiði af sínu fje þann hluta skattsins, sem samsvarar tekjum hennar. Hafi bóndi greitt hennar hluta af skattinum, getur hann krafist endurgreiðslu hjá konunni.

Konu, sem slitið hefir samvistum við mann sinn, ber að telja sjálfstæðan skattgreiðanda.

9. gr.

Fyrir hvert barn, sem í byrjun þess almanaksárs, þegar skatturinn er lagður á, er yngra en 14 ára, ber að draga frá tekjunum kr. 150.00, ef börnin eru 1 eða 2, en 200 kr. fyrir hvert barn, sem er umfram tvö. — Af lægri tekjum skattskyldum en 500 kr. greiðist enginn skattur.

Af öllum tekjum ber að sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50.

Hundraðsgjald það, sem greiða ber í skatt samkvæmt 1. gr., skal miða við tekjurnar eftir að það, sem talið er í þessari grein, er dregið frá þeim.

10. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurlöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann gefi sjálfur upp tekjur sínar og sýni jafnframt, að hann noti annað reikningsár en almanaksárið. Þegar þannig er ástatt getur skattaráðið látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

Niðurjöfnun skattsins.

11. gr.

Skattaráðið skal jafna niður tekjuskatti. Í ráðinu skulu vera 7 menn, formaður og 6 menn aðrir. Formaður skal skipaður af stjórnarráðinu, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, og nefnist hann skattstjóri. Skal hann hafa að árslaunum 4000 kr. Hann annast allan undirbúning undir störf ráðsins og framkvæmdir fyrir þess hönd. Hann skal og skyldur til að annast önnur störf, sem snerta skattamál bæjarins, þau er fyrir hann kunna að vera lögð með lögum og reglugerðum. Skrifstofukostnað fær hann greiddan samkvæmt reikningi.

Af hinum 6 skattaráðsmönnum kýs bæjarstjórnin 2 til 6 ára og 2 varamenn, sem taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna. Fer kosning þessara manna fram í nóvembermánuði og gildir til 6 ára í senn, þannig, að annar fer frá 3. hvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti hvor frá skuli fara.

Hinir 4 skattaráðsmennirnir og 4 varamenn skulu kosnir almennum kosningum til 6 ára í senn, þannig, að 2 fari frá 3. hvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti hverjir fara frá. Þessir skattaráðsmenn skulu og kosnir í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til skattaráðsins hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosning til bæjarstjórnar.

Varamenn eru þeir, sem næstan atkvæðafjöldi fá þeim, sem kjörnir eru, og skal sú atkvæðatala ákveðin eftir sömu reglum sem atkvæðatala hinna kjörnu aðalmanna.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í skattaráð og eru þeir einir undanþegnir þeirri skyldu, sem eru bæjarfulltrúar og þeir, sem eru undanþegnir skyldu að taka við kosningu í bæjarstjórn. Sá, sem hefir setið í skattaráði 6 ár, er eigi skyldur að taka við kosningu á ný, uns sex ár eru liðin frá því að hann gekk úr ráðinu.

Aðalmenn í skattaráði, utan skattstjóra, skulu fá 300 kr. þóknun árlega fyrir starfa sinn. Varamenn skulu fá 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir eru að störfum í skattaráðinu.

Kostnaður við skattaráðið greiðist úr bæjarsjóði.

Formaður ákveður dag og stund fyrir fundi skattaráðsins. Til þess að skattaráð geti lagt á skatt eða kveðið upp úrskurð, svo að gilt sje, verður meira en helmingur skattaráðsmanna að vera viðstaddur.

Í skattaráðinu ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

12. gr.

Í yfirskattaráði eiga sæti 5 menn. Einn skal skipaður af stjórnarráðinu; skal hann hafa lögræðiþróf það, er gefur rjett til embætta hjer á landi; er hann formaður ráðsins. Hina 4 skipar bæjarstjórn með hlutfallskosningu, 2 úr flokki bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Einn varaformaður og 4 varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og taka þeir sæti í ráðinu í forföllum hinna. Skipun yfirskattaráðsmanna og varamanna fer fram í nóvember og

gildir til 6 ára í senn. Nú gengur bæjarfulltrúi, sem er í yfirskattaráði, úr bæjarstjórn, og kýs þá bæjarstjórnin annan bæjarfulltrúa í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímabilsins. Sami maður getur eigi átt sæti í skattaráði og yfirskattaráði á sama tíma.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í yfirskattaráð og eru þeir einir undanþegnir þeirri skyldu, sem eru undanþegnir skyldu til að taka við kosningu í bæjarstjórn. Sá, sem setið hefir í yfirskattaráði í 6 ár, er eigi skyldur að taka við kosningu á ný, uns 6 ár eru liðin frá því að hann gekk úr ráðinu.

Yfirskattaráðsmenn, aðalmenn og varamenn, skulu fá 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir eru að störfum. Kostnaður við skriftir og brjefasendingar greiðist eftir reikningi. Öll útgjöld greiðast úr bæjarsjóði.

Formaður ákveður dag og stund fyrir fundi yfirskattaráðs. Til þess að yfirskattaráð geti kveðið upp úrskurð svo að gilt sje, verður meira en helmingur yfirskattaráðsmanna að vera viðstaddur.

Í yfirskattaráði ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

13. gr.

Jafnframt skýrslum þeim, er um ræðir í lögum 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík, skal hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur, að viðlagðri alt að 500 króna sekt, er rennur í bæjarsjóð, skýrslu um alla þá einstaklinga, stofnanir, fjelög, verslanir, atvinnufyrirtæki o. s. frv., er í húsinu eru, með þeim upplýsingum, sem ákveðið verður í sjerstakri reglugerð, sem bæjarstjórnin setur, en stjórnarráðið staðfestir, á þar til gerð eyðublöð, sem skattaráðið lætur útbýta. Skal húseigandi eða húsráðandi sjálfur eða umbodsmáður hans undirrita skýrsluna og afhendist hún um leið og hin venjulega manntalsskýrsla.

Samskonar skýrslu um þá, sem flytja kunna í húsið eftir afhendingu eyðublaðsins, skal sá húseigandi eða húsráðandi, er lætur hlutaðeiganda í tje húsnæði, afhenda skattstjóra innan 8 daga eftir að sá, er um ræðir, flutti í húsið. Á sama hátt skal tilkynna, er einhver flytur úr húsinu.

14. gr.

Að fengnum þessum skýrslum sjer skattstjóri um, að gerð sje skrá yfir þá menn, stofnanir og fjelög, sem skattskyld eru. Skrá þessi skal samin eftir fyrirmynd, er bæjarstjórnin ákveður, og skal lokið samningu hennar fyrir 31. des. næstan á eftir.

15. gr.

Skattaráðið sjer því næst um, að öllum þeim, sem álitast verða skattskyldir samkvæmt 13. gr., sje fyrir 15. janúar ár hvert send eyðublöð undir skýrslu um tekjur sínar eða viðskiftaveltu, sbr. 3. gr., 3, 2. málsg. ; eyðublöð þessi skulu samin eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið samþykkir. Skýrslur þessar skulu því næst sendar skattstjóra undirskrifadar fyrir 1. febrúar næst á eftir. Þó eiga þeir, sem lögum samkvæmt eru skyldir að halda verslunarbækur, rjett á að fresta því að afhenda skattskýrslu sína til loka febrúarmánaðar.

Enn fremur getur skattaráðið, samkvæmt umsókn, í sjerstökum tilfelli um gefið skattgreiðendum enn frekari frest, ef þeir sanna, að þeir vegna alveg sjerstakra ástæðna við reikningsfærslu sína geti ekki gefið nákvæma skýrslu um tekjur sínar áður en greindir frestir eru liðnir.

Skýrslur þær, er um ræðir í grein þessari, skulu undirritaðar með eigin hendi skattgreiðanda. Lögráðamaður ölögráða manns skal undirrita skýrsluna fyrir hönd skjólstæðings síns.

16. gr.

Auk þess, sem segir í 15. gr., skal skattstjóri sjá um, að auglýst sje í tveim viðlesnum blöðum í Reykjavík, eigi seinna en viku fyrir 1. febrúar ár hvert, að skattaráðið byrji ákvörðun tekna gjaldenda 1. febrúar og jafnframt skora á menn að senda skattaráðinu skýrslur um tekjur sínar.

17. gr.

1. febrúar ár hvert eða næsta virkan dag þar á eftir, ef 1. febrúar er helgur dagur, byrjar skattaráðið ákvörðun skattskyldra tekna gjaldenda.

Fyrst skal ákveða tekjur skattaráðsmanna sjálfra, og ber hlutaðeiganda að vikja frá á meðan sú ákvörðun fer fram. Ekki mega skattaráðsmenn heldur taka þátt í skattmati fyrir ættingja sína í beinum ættlegg upp á við eða niður á við, maka sinn eða systkini.

Því næst eru rannsakaðar þær skýrslur skattgreiðenda, sem komið hafa. Ef ætla má, að slík skýrsla sje of lág, skal bjóða hlutaðeiganda að mæta á fundi ráðsins til að láta því í tje upplýsingar eða sannanir, og ákveður ráðið því næst tekjur hans, hvort sem hann hefir mætt eða ekki. Dvelji hann utanbæjar eða ef eigi er kunnugt um dvalarstað hans og hafi hann ekki umboðsmann hjer í bænum, sem ráðinu er kunnugt um, má hækka skattstofn hans, án þess að skylt sje að skora á hann að láta í tje frekari skýringar eða upplýsingar.

Því næst eru ákveðnar tekjur annara skattgreiðenda og skal, ef fullnægjandi upplýsingar og skilríki fyrir tekjum einstakra skattgreiðenda eru ekki fyrir hendi, styðjast við, hvað ætla má að framfærsla hans sjálfs og heimilis hans muni kosta, miðað við stærð þess og lifnaðarháttu og annað, sem kunnugt er um fjárhagsástæður hans, og hversu atvinnurekstur hans er arðsamur og yfirgripsmikill.

Ef skattaráðsmaður er ósamþykkur ákvörðun tekna einhvers eða þeim grundvallarreglum, sem skattaráðið hefir farið eftir, getur hann bókað mót-mæli sin í gerðabókina.

Pegar sjerstakar ástæður, svo sem veikindi, mannslát, erfðar heimilisástæður og því um líkt mælir með því, að skattgreiðanda sjeu ekki taldar til skatts allar skattskyldar tekjur hans, getur skattaráðið, samkvæmt umsókn, ákveðið hæfilegan frádrátt á skattskyldum tekjum hans. Slikar ákvarðanir skulu jafnan tilkyntar bæjarstjórn.

18. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er opinber störf hafa á hendi, sömu-leiðis stjórnendur banka, váttryggingarfjelaga, hlutafjelaga, lánsfjelaga, sparisjóða

og annara slíkra stofnana, eru skyldir að gefa, í fyrirskipuðu, stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í tje látið og mega verða skattaráðinu til leiðbeiningar við starf þess, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, þinglesin veðskuldabréf, sparisjóðsinnieign, veðvottorð, fje ómyndugra o. s. frv.

Skorist nokkur undan að gefa þær skýrslur, er krafist er af honum, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir uns skýrslurnar eru gefnar.

19. gr.

Ákvörðun tekna skal lokið fyrir 10. mars og skal þa jafnframt lokið útreikningi skattsins fyrir hvern gjaldanda, eins og hann mundi verða samkvæmt ákvæðum 1. gr., og samlagningu skattupphæðar allra skattgreiðenda. Skal skattaráðið síðan ákveða hreyfitölu þá, er nota skal samkvæmt ákvæðum 2. gr., þannig, að samtölu-upphæðin á skatti allra skattgreiðenda verði 5—10% hærri en skatturinn allur er áætlaður af bæjarstjórn á fjárhagsáætlun þeirri, er gildir fyrir yfirstandandi skattár. Skal síðan gerður fullnaðarútreikningur á skattinum og tekjuskattskráin samin í samræmi við þetta, samkvæmt fyrirmynd, er bæjarstjórnin setur, og skal því lokið fyrir 15. mars. Þann dag skal leggja fram, samkvæmt auglýsingu, sem áður hefir verið birt, skrá yfir ákvörðun tekna þeirra skattgreiðenda, sem ekki hafa gefið skýrslu sjálfir eða ekki sent slíka skýrslu í tæka tíð. Skrá þessi skal liggja frammi á hentugum stað bæjarbúum til sýnis. Á þessa skrá ber einnig að taka þá, sem skattskyldir eru samkvæmt 3. gr. 3. lið, án tillits til, hvort þeir hafa sent skýrslu eða ekki. Samtímis ber að senda þeim, er sent hafa skýrslu, sem ekki hefir verið tekin til greina, sjerstaka tilkynningu þar að lútandi, og skal þess jafnframt getið, hversu miklar tekjur þeim hafa verið gerðar. Ekki má birta skrá þessa nje hluta af henni í blöðum eða á annan hátt.

Í síðasta lagi 23. mars skal skattaráðið senda borgarstjóra staðfest afrit af tekjuskattskránni til notkunar við innheimtu skattsins.

Frá 15.—31. mars er þeim, sem teknir hafa verið á þessar skrár, heimilt að bera fram kærur sínar viðvikjandi þeim ákvörðunum, sem snerta þá sjálfa. Á sama tíma er sjerhverjum heimilt að kæra það, ef skattskyldum manni hefir verið slept af skránni eða tekjur hans metnar of lágt, svo og hver önnur atriði, sem að einhverju leyti snerta ákvörðun skattsins.

Kærur skal senda skattaráðinu skriflega og getur hlutaðeigandi krafist þess, að honum verði veitt tækifæri til að gefa munnlega frekari skýringar, sem hann kann að vilja láta í tje. Ber þá að taka slíka kröfu til greina.

20. gr.

1. apríl, eða næsta virkan dag, svo og næstu daga, heldur skattaráðið, ef með þarf, fund, einn eða fleiri, til að rannsaka kærur þær, sem fram hafa komið. Á fund þennan skal boða þá, sem óskað hafa að bera fram frekari skýringar og upplýsingar, sem þeim kann að þykja ástæða til. Hafi komið fram umkvörtun um, að skattskyldum manni hafi verið slept eða tekjur hans taldar of lágt, ber bæði að skýra skattgreiðanda og þeim, sem kært hefir, frá, hve nær þeir skuli mæta fyrir skattaráðinu í tilefni af þessu, ef þeir óska þess.

Þegar skattaráðið hefir rannsakað kærur þær, sem fram hafa komið, ákveður það, hvaða breytingar gera skuli á ákvörðun tekna.

Það sendir þeim, sem skattur hefir verið lagður á eða hann hækkaður á, og þeim, sem sent hafa kærur, sem ekki hafa verið teknar til greina að öllu leyti, skriflega tilkynningu þar að lútandi; einnig skýrir það þeim frá, að þeim sje heimilt, ef þeim sýnist svo, að kæra til yfirskattaráðs, að sú kæra verði að vera skrifleg og að hana verði að senda til yfirskattaráðs innan 14 daga. Skýrsla um úrskurði skattaráðsins á kærum skal jafnframt send borgarstjóra. Þvi, sem um ræðir í grein þessari, skal skattaráðið hafa lokið fyrir 1. maí.

21. gr.

Ef einhver skattgreiðandi vill ekki hlita úrskurði skattaráðs um kæru sína, getur hann áfrýjað úrskurðinum til yfirskattaráðs, ef hann gerir það innan 14 daga frá því að skattaráðið hefir sent honum tilkynningu um úrskurð sinn á kæru hans. Enn fremur getur bæjarstjórn áfrýjað úrskurði skattaráðsins til yfirskattaráðsins, ef hún gerir það innan 14 daga frá því að henni barst skýrsla skattaráðs um úrskurð þess á kærum.

22. gr.

Yfirskattaráðið gefur úrskurð um áfrýjunarkærur þær, er fram hafa komið á rjettum tíma. Áfrýjunarkæran skal vera skrifleg og rökstudd, afrit af úrskurði skattaráðsins skal fylgja kærinni, svo og önnur málsskjöl, er skýrt geta málið.

Að því leyti, sem skattmátið ekki byggist á staðreyndum, sem ekki verður um vilst, eða rjettum skilningi laganna, heldur á álitum skattaráðsins, verður látið sitja við það álit, svo framarlega sem kærandi ekki lýsir því yfir, að hann muni koma fram með upplýsingar, er geri yfirskattaráðinu mögulegt að mynda sjer sjálfstæða skoðun.

Óski gjaldandi, er kærir, að mæta sjálfur fyrir yfirskattaráðinu til þess að gefa munnlega skýringu, á hann að gefa það til kynna í sjálfri kærinni, og skal þá taka kröfuna til greina. Þegar yfirskattaráð álitur nauðsynlegt getur það kvatt á sinn fund formann skattaráðs, eða, hafi hann forföll, einhvern annan meðlim ráðsins; við rannsókn mála, er fram koma frá bæjarstjórn, skal ráðið kveðja til fundar formann skattaráðs.

Ef yfirskattaráðsmaður hefir sjálfur áfrýjað kæru, ber honum að vikja frá meðan ákvörðun er tekin um þá kæru. Yfirskattaráðsmenn mega heldur eigi taka þátt í úrskurði á kærum út af skattmáti fyrir ættingja þeirra sjálfra í beinan ættlegg upp á við eða niður á við, maka þeirra eða systkini.

23. gr.

Úrskurður yfirskattaráðs um atriði þau, er gjaldendur hafa kært, er fullnadarúrskurður.

Frá úrskurði yfirskattaráðs skal skýra bæði kæranda og skattaráði. Skattaráðið skal leiðrjetta skattskrána og gefa skattheimtumanni bæjarins nauðsynlegar skýrslur um það.

Fjölgun og burtför gjaldanda.

24. gr.

Ef einhverjum gjaldanda hefir verið slept við hið almenna skattmat skal gera sjerstakt skattmat fyrir hann samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Bætist að öðru leyti nýir gjaldendur við — svo sem við innflutning til bæjarins eða persónur, er áður hafa verið í gjaldskyldu annars, verði sjálfstæðir gjaldendur — á tímanum frá byrjun skattmatsins til 1. október, skal gera skattmat fyrir þá samkvæmt lögum þessum.

Ef kona, sem lagður er á skattur samkvæmt lögum þessum, giftist á tímabilinu milli tveggja skattmata, hvílir skatturinn á henni til loka skattársins.

25. gr.

Ef skattskyld persóna deyr á skattárinu eða flytur búferlum af landi burt, eða skattskyld hlutafjelag eða því um líkt (3. gr. 3. liður) er rofið eða hættir að eiga skattskyldar eignir í bænum, fellur skattskyldan burt með lokum þess skattmisseris, er atburðurinn hefir gerst á. Skattmisseri telst frá 1. janúar til 30. júní og frá 1. júlí til 31. desember.

Dánarbú og þrotabú gjalda þann skatt, er hinn látni eða þrotamaðurinn átti að gjalda fyrir það skattmisseri, er hann ljetst á eða þrotabúsmeðferðin byrjaði.

Ef persóna, eftir að hafa flutt búferlum úr bænum, er skattskyld samkvæmt ákvæðum í 3. gr. 3. lið, skal skattaráð, ef þörf gerist, reikna út skatt hans af nýju, bygðan á upplýsingum þeim, er fram hafa komið við hið upprunalega skattmat.

26. gr.

Bæjarstjórninni skal heimilt að lækka eða geta alveg eftir skatt þann, er lagður er á gjaldanda samkvæmt lögum þessum, ef vitneskja fæst um, að atvik þau, sem gert er ráð fyrir í síðasta kafla 17. greinar, hafi komið fyrir eftir að skattmatið fór fram.

Innheimta skattsins.

27. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. október og skal í hvert sinn greiða helming skattsins. Bæjargjaldkerinn sjer um innheimtu skattsins.

Það, sem gjaldendur hafa eigi greitt innan loka þess mánaðar, er fer næst á eftir þeim, er gjalda skal skattinn í — þ. e. a. s. innan 31. maí og 30. nóvember, — skal innheimta með lögtaki.

Enginn gjaldandi getur, með því að kæra skattmatið, komist hjá þeirri skyldu að greiða á rjettum tíma þann hluta skattsins, er þegar er fallinn í gjalddaga, nema yfirskattaráð hafi áður gefið úrskurð um að lækka skuli skattinn.

Þegar yfirskattaráð hefir breytt skattmatinu skal leiðrjetta upphæðina, sem hinn einstaki gjaldandi skal greiða, með því að auka við eða draga frá

skattinum fyrir næsta skattgjaldstímabil og einnig, ef þörf gerist, með því að endurgreiða það, sem þegar er greitt, eða hluta af því.

Flytji skattskyldur maður búferlum úr bænum, skal hann þó greiða til bæjarsjóðs skatt þann, er á hann er lagður, til loka yfirstandandi skattmisseris.

Refsiákvæði.

29. gr.

Hver sá, er vanrækir að telja fram tekjur sínar samkvæmt fyrirráðum laga þessara, missir rjettinn til að kæra yfir mati þeirra til skatts, nema hann sanni að skattmálið sje meira en 25% hærra en hinar rjettu tekjur. Sje mismunurinn meiri en 25%, skal hann greiða skatt af hinum rjettu tekjum, að viðbættum 15%.

Þessum ákvæðum, og öðrum í lögum þessum um afleiðingar þess að vanrækja framtal, þarf þó eigi að beita, ef skattaráð álitur, að sá, er í hlut á, hafi fært gildar afsakanir fyrir aðferð sinni.

30. gr.

Sá, er móti betri vitund gefur einhverjum af skattmatsvaldhöfum rangar skýrslur um tekjur sínar eða gjöld, eða annað, er getur haft áhrif á tekjuskattinn, skal sæta sekt, er nemi alt að tifoldri skattupphæð þeirri, er undan var dregin, nema sæst sje á málið með samþykki bæjarstjórnarinnar. Sektina ákveður stjórnarráðið, nema annaðhvort bæjarstjórn eða hinn seki óski að málið komi fyrir dómstólana, og skal þá farið með það sem opinbert lögreglumál.

Verðandi upplýst við meðferð dánarbús, skal búíð eða erfingjarnir greiða tvöfalda upphæð þá, er á vantar. Proklama, er gefin hefir verið út í búinu, getur ekki raskað þessari skyldu.

Skiftarjettur og executores testamenti eru skyldugir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum búsins, að gefa skattaráði skýrslu um fjármuni þá, er hinn látni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en 3000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir uns henni er fullnægt.

31. gr.

Meðlimir skattaráðs og yfirskattaráðs, sómuleiðis aðstoðarmenn þeirra, skattheimtumaður og aðstoðarmenn hans, svo og borgarstjóri, aðstoðarmenn hans og bæjarfulltrúar, eru að viðlagðri ábyrgð, eftir hegningarlögunum 25. júní 1869, 140. gr., sbr. 145. gr., bundnir órjúfandi þagnarskyldu út í frá um upplýsingar þær um efnahag gjaldenda, er þeir fá sökum starfa sins.

32. gr.

Ef skattaráð eða yfirskattaráð hefir ekki innan tímatakmarka þeirra, er ákveðin eru, framkvæmt það, er þeim ber eftir ákvæðum laga þessara, getur

stjórnarráðið skyldað þau til þess, að viðlögðum sektum fyrir hvern einstakan mann í ráðinu, er ekki getur fært fram fullgildar afsakanir.

33. gr.

Ef birt er nokkuð það, er samkvæmt lögum þessum ekki má birta, þá varðar það sektum alt að 1000 kr.

Málin skal fara með sem opinber lögglumál. Málssókn má hefja eftir kröfu gjaldanda, skattaráðs, yfirskattaráðs, bæjarstjórnar eða stjórnarráðsins.

34. gr.

Hver sá, sem samkvæmt 18. gr. í lögum þessum er látinn sæta sekt, getur innan fjórtán daga frá því er honum er tilkynt það, krafist þess að málið verði látið ganga fyrir rjett. Með málin skal fara sem opinber lögglumál.

Þar, sem ekki er öðruvisi ákveðið, renna sektir samkvæmt lögum þessum í bæjarsjóð og má innheimta þær með lögtaki.

II. kafli.

Um lóðargjald.

35. gr.

Af öllum lóðum, byggðum og óbyggðum, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurkaupstaðar (sbr. þó 38. og 39. gr.) skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald, og nemi einni krónu af hverjum hundrað krónum af virðingarverði lóðarinnar.

Um næstu fimm ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, greiðist að eins þriðjungur framangreinds gjalds af lóðum eða lóðahlutum, sem eigandi sannar að teknar hafi verið til afnota sem matjurtagarðar eða fiskverkunarreitir fyrir 1. janúar 1918, á meðan þær eru notaðar á sama hátt. Bæjarstjórnin getur framlengt frest þennan um önnur 5 ár, svo og ákveðið að gjaldákvæði þetta skuli einnig ná til lóða eða lóðahluta, sem síðar hafa verið teknar til matjurtaræktunar, þó svo, að ákvæðið gildi aldrei lengur en til loka tímabila þeirra, sem tiltekin eru í grein þessari.

36. gr.

Lóðargjaldið greiðist af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar, án mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á lóðinni.

37. gr.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915. Ef lóðir myndast milli tveggja reglulegra fasteignamata, 10. hvert ár, t. d. með því að erfðafestulandi sje breytt í byggingarlóð, skal verð lóðarinnar ákveðið

til bráðabirgða með mati samkvæmt lögum nr. 59, 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins, þar til lokið er næsta reglulegu fasteignamati.

38. gr.

Undanþegnar lóðargjaldi eru allar lóðir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs, lóðin undir dómkirkjunni og kirkjugarðar. Af lóðum þeim, sem sú kvöð hefir verið lögð á eða kann að verða lögð á, að eigi megi nota þær allar sem byggingarlóðir, skal að eins greiða lóðargjald af svo miklu af lóðinni, sem leyft er að nota sem byggingarlóð.

39. gr.

Af erfðafestulöndum greiðist lóðargjald eftir reglum þeim, sem hjer fara á eftir.

1. Undanþegin lóðargjaldi eru erfðafestulönd, sem látin hafa verið á erfðafestu með þeim skilmálum, að notanda sje skylt að láta af hendi erfafesturjett sinn að nokkru af landinu eða því öllu gegn fyrirfram ákveðinni borgun, hve nær sem bæjarstjórnin þarfnast þess handa bænum eða öðrum.

2. Af öðrum erfðafestulöndum greiðist lóðargjald af þeim hluta, sem er byggingarhæfur, þ. e. af þeim hluta erfðafestulandsins, sem bæjarstjórnin hefir ákveðið eða ákveður, að nota megi sem byggingarlóð; skal gjaldið talið frá næstu áramótum á eftir þeirri ákvörðun og fer þá um mat samkvæmt 38. grein. Fellur erfðafestugjaldið niður frá sama tíma að telja.

Lóðargjaldið reiknast að eins af $\frac{4}{5}$ hlutum verðmætis hins byggingarhæfa lands, uns gjalddagi er kominn á þeim $\frac{1}{5}$ hluta, sem greiða ber í bæjarsjóð.

40. gr.

Gjalddagi lóðargjaldsins er 1. apríl og 1. okt. ár hvert og greiðist helmingur gjaldsins í hvert sinn.

41. gr.

Fyrir lóðargjaldi má gera lögtak í hinni gjaldskyldu lóð samkvæmt lögum 16. desember 1885 og hefir það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum.

III. kafli.

Ýms ákvæði.

42. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir tillögum bæjarstjórnar, sett reglugerð með leiðbeiningu um rjettan skilning á lögum þessum, til nánari ákvarðana á tekjum þeim, er greiða skal skatt af, fram yfir þau grundvallaratriði, er tekin eru fram í lögnum, og um það, hvernig skattaráð og yfirskattaráð skuli framkvæma störf sin samkvæmt lögnum.

43. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1919.

Tekjuskattsmat samkvæmt lögnum skal fara fram í fyrsta skifti 1. febrúar 1920 og tekjuskattur og lóðargjald greiðast samkvæmt þeim í fyrsta skifti 1. apríl 1920.

44. gr.

Þegar tekjuskattur er lagður á í fyrsta skifti samkvæmt lögum þessum er skattaráðið eigi bundið við takmörkun þá á hreyfitölu hundradstalna þeirra er 1. gr. ræðir um, sem um getur í 2. gr.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lagaákvæði, er hjer segir: 7., 8. og 9. gr. laga nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tiSKIPun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

21., 22. og 23. gr. í tiSKIPun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög 19. okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir farið þess á leit við ráðuneytið, að það legði lagafrumvarp þetta fram á Alþingi, og hefir ráðuneytið viljað verða við þeirri beiðni.

Bæjarstjórnin setti 1. mars f. á. þriggja manna nefnd til þess að athuga, hverjar breytingar gerðar yrðu á núverandi fyrirkomulagi um skattgjöld í bæjarsjóð. Nefnd þessi kom fram með frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík. Var frumvarp það, með nokkrum breytingum, samþykkt í einu hljóði á fundi bæjarstjórnar 17. jan. þ. á., eftir að ítarlegar umræður höfðu farið fram um málið í bæjarstjórninni. Frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi í þeirri mynd, er það var samþykkt í af bæjarstjórninni.

Þess hefir lengi verið brýn þörf, að hentugri skipun yrði komið á um skattgjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur en þeirri, er nú er. Vöxtur bæjarins síðustu áratugina hefir leitt til þess, að núgildandi lagaákvæði um þetta efni eru ekki lengur fullnægjandi. Útgjöld bæjarins hafa vaxið og þörf er á meiri tekjum. Auk þess eru lagaákvæði þessi sniðin eftir ástandi því, er var er þau voru sett, og eiga eigi við eftir að það ástand er breytt. Aðaltekjugreinir bæjarsjóðs eru aukaútsvörin og lóðargjöldin. Aukaútsvörin eru lögð á bæjarmenn eftir efnunum og ástæðum. Jafnar niðurfjórðunarnefnd þeim niður, og er gert ráð fyrir því í lagaákvæðum þeim, er hjer að lúta, að nefndarmenn hafi nákvæma þekkingu á efnahag gjaldendanna. Þessi skipun getur verið heppileg í litlum sveitarfjélögum, en í bæ með 15000 íbúum veitir hún litla tryggingu fyrir að niðurfjórðunin verði rjettlát. Lóðargjöldin eru lögð á skv. lögum nr. 18., 19. okt. 1877. Hvila þau á öllum lóðum innan lögsagnarumdæmis bæjarins, eru hærri af

bygðri lóð en óbygðri, en miðast að öðru leyti að eins við stærð lóðanna, ekki við verðmæti þeirra. Þegar lög þessi voru sett voru lóðir í bænum í litlu verði, og gjaldið er því lágt. Síðan hafa lóðir hækkað í verði, og einkum er verðmunur einstakra lóða miklu meiri en áður. Lóðirnar eru því nú bæði betri skattstofn en áður og meiri munur á gildi þeirra sem skattstofna en áður var. Lóðargjöldin með þeirri skipun, er nú er á þeim, eru því hvorki svo mikil tekjugrein fyrir bæjarsjóð, sem þau gætu og ættu að vera, og í annan stað er það ekki nú orðið rjettlátt að taka eigi tillit til verðmætis lóðanna við ákvörðun gjaldsins.

Í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er reynt að koma heppilegri skipun á skattgjöld til bæjarsjóðs. Frumvarpið á að koma í stað núgildandi ákvæða um aukaútsvör og lóðargjöld. Í stað aukaútsvarsins komi tekjuskattur. Um hann er I. kafli frumvarpsins. Í 1. gr. er ákveðinn mælikvarði, sem tekjuskatt skal greiða eftir, og er skatturinn ákveðinn tiltekin hundradstala af tekjum gjaldenda. Hundradstölu þessa má þó hækka og lækka, sbr. 2. gr. Í 3.—10. gr. er því næst ákvæði um skattskyldu og hvernig reikna beri skattskyldar tekjur. Í mótsetningu við það er, að nú eru aukaútsvör lögð á að eins eftir mati niðurrjöfnunarnefndar. Í 11.—23. gr. eru ítarleg ákvæði um niðurrjöfnun skattsins. Í stað niðurrjöfnunarnefndarinnar er sett á fót skattaráð, er hefir niðurrjöfnun skattsins með höndum, og yfirskattaráð, er áfrýjað verður til úrskurðum skattaráðsins. Enn fremur eru ákvæði um framtal tekna og úrskurð á framkomnum kærnum. Í 24.—26. gr. eru ákvæði um burtför og fjölgun gjaldenda, í 27.—28. gr. um innheimtu skattsins, og loks eru refsíákvæði o. fl. í 29.—34. gr. frumvarpsins.

II. kafli frumvarpsins er um lóðargjöld. Í stað núverandi skipunar, þar sem lóðargjaldið er 3 aurar af feralin í bygðri lóð og $\frac{1}{4}$ eyris af feralin í óbygðri lóð, skal nú greiða í lóðargjald 1% af verði lóðarinnar. Verðið er ákveðið 10. hvert ár af hinni lögskipuðu lóðamatsnefnd, sbr. lög nr. 59, 3. nóv. 1915. Auk þess eru sjerákvæði um gjald af erfðafestulöndum.

III. kafli frumvarpsins hefir inni að halda nokkrar sjerstakar ákvarðanir.

Að öðru leyti vísast til einstakra greina frumvarpsins.